

## V. Dalasýsla.

97

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári . . . . .	kr.	»	»
2. Sýsluvegagjald . . . . .	—	498,75	kr. 498,75

## Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur . . . . .	kr.	380,25	
2. Útistandandi vegagjald hjá hreppum . . . . .	—	118,50	— 498,75

## VI. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári . . . . .	kr.	110,00	
2. Hreppavegagjald $\frac{1}{2}$ úr einum hreppi . . . . .	—	55,00	
3. Sýsluvegagjald . . . . .	—	820,00	— 985,00

## Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur . . . . .	kr.	945,00	
2. Eptirstöðvar til næsta árs . . . . .	—	40,00	— 985,00

## VII. Mýrasýsla.

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. (samkv. úrskurði) . . . . .	kr.	2,90	
2. Sýsluvegagjald . . . . .	—	542,50	
3. Leiga af vagni . . . . .	—	3,00	
4. Lán úr sýslusjóði . . . . .	—	215,53	
5. Skuld til sýslusjóðs . . . . .	—	215,53	— 979,46

## Gjöld:

1. Kostnaður við vegabætur . . . . .	kr.	734,05	
2. Til jafnaðar (tekjulið. 5) . . . . .	—	215,53	
3. Eptirstöðvar til næsta árs . . . . .	—	29,88	— 979,46

Íslands Vesturamt. Reykjavík, 18. júní 1895.

J. Havsteen.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. marz þ. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem neðri deild alþingis 1895 hafði samþykkt eptir tillögum nefndar, er kosin var til að þhuga lagafrumvarpið um að veita stjórninni heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Þingsályktunin er þannig:

98  
20. maí

»Um leið og neðri deild alþingis lýsir yfir því, að hún áliti rjett og heillavænlegt, að selja jarðir landsjóðsins á erfðafestu, ályktar hún að skora á landstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er innihaldi öll nauð-

20. dag júlímánaðar 1897.

**98** synleg almenn ákvæði um rjettindi landsjóðs gagnvart erfðafestueigendum og erfða-  
20. maí festueiganda gagnvart landsjóði, að því er snertir væntanlega sölu landsjóðs-  
jarða á erfðafestu.

Þjer hafð um framkomu og ástæður þessarar þingsályktunar vísað til víðeigandi kafla í alþingistíðindunum, og tekið það fram, að skoðun sú, er þings-  
ályktunin sennilega sje á byggð, sje sumpart sú, að söluverðið verði þá heldur  
föst arðberandi innstæða, ef það sje tryggt með jörðunum sjálfum á þann hátt,  
er þingsályktunin bendir til, heldur en nú á sjer stað, þar sem það sje greitt  
beint í landsjóð, sumpart sú, að erfðafesta veiti meiri trygging fyrir varanlegri  
sjálfsábúð en óbundinn eignarrjettur. Þjer hafð því næst látið í ljós, að þjer  
væruð mótfallinn þeirri skoðun þingsályktunarinnar, að það væri æskilegt, að  
tekin væri upp á Íslandi erfðafesta, sem hingað til hefir verið því nær óþekkt  
þar, og hafð þjer nákvæmara tekið fram þær ástæður, er bæði þjer og báðir  
amtmennirnir, er þjer hafð leitað umsagnar þeirra um málið, teljið vera því  
til fyrirstöðu, að tillögur þingdeildarinnar í þessu máli eigi að fá framgang. Að  
öðru leyti hafð þjer skotið umgetnu málefni til úrslita ráðaneytisins.

Með því að ráðaneytið verður að fallast á rök þau, er þjer tilfærið í að-  
urnefndu brjefi yðar, hefir því eigi þótt ástæða til að gjöra neitt útaf umget-  
inni þingsályktun.

Að því leyti sem þjer, herra landshöfðingi, hafð látið þess getið, að það  
væri auðvelt að koma því í kring, að ávaxtað yrði á öruggan hátt fje það, er  
landsjóði gyldist fyrir seldar þjóðjarðir, þá vil jeg þó bæta þar við þeirri athuga-  
semd, sem hjer fer á eptir: Alþingi virðist telja það æskilegt, að fje það, sem  
hjer er um að ræða, væri lagt í sjerstakan sjóð, er vera má að um eigi að  
gilda sjerstök ákvæði í þá átt, að honum skuli eigi eyða. Auk þess sem það er  
valt því að treysta, að slík ákvæði yrðu tekin til greina, ef að þrengdi, þá get-  
ur ráðaneytinu eigi skilizt, að nokkuð sje unnið við það, að setja á stofn slíka  
sjerstaka deild í víðlagasjóði, því að það er auðvitað, að þess ber að gæta eptir  
því sem unnt er, að hann verndist fyrir landsjóð og að hæfilega mikið fje sje  
í honum.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-  
ar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna í sambandi við áður-  
nefnt brjef yðar.

#### *Brjef landshöfðingja.*

Hjermeð leyfi jeg mjer lotningarfyllt að senda í þeim búningi, er alþingi ljet hana  
frá sjer fara í honum, og í danskri þýðing þingsályktun um sölu landsjóðsjarða á erfðafestu,  
sem feldi í sjer rjett fyrir kaupanda til að selja, veðsetja og ráðstafa eigninni á annan hátt.  
Var þingsályktun þessi samþykkt af neðri deild alþingis 1895 eptir löglegan undirbúning.

Umgetin þingsályktun er framkomin eptir tillögum nefndar þeirrar, er áðursögð þing-  
deild kaus árið 1895 til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarpið til laganna frá 13.  
desbr. 1895, um að stjórnninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, sbr. álit nefndar  
þessarar í Alþingistíðindunum fyrir 1895, C, bls. 505—506, og umræðurnar um þingsályktun  
þá, er hjer um ræðir (Alþingistíð. 1895, B, 1834.—1836. dalki). Skoðun sú, er þingsályktun

Þessi sennilega byggist á, er sumpart sú, að söluverðið verði þá heldur föst arðberandi innstæða, ef það er tryggt með jörðunum sjálfum á þann hátt, er þingsálytunin bendir til, heldur en nú á sjer stað, þar sem það er greitt beint í landsjóð, og sumpart sú, að erfðafesta veiti meiri trygging fyrir varanlegri sjálfsábúð, en óbundinn eignarrjettur.

Jeg hefi leitað álits beggja amtmanna, og hafa þeir ráðið frá því, að þingsályktunin væri tekin til greina. Havsteen amtmaður hefir í því efni tekið fram, að eigi virðist ástæða til að taka upp hjer á landi þetta úrelta fyrirkomulag, sízt að því er til landssjóðsjarða kemur, með því að þær eru byggðar til æfilangrar ábúðar og ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns samkvæmt lögum nr. 1 frá 12. janúar 1884 § 2; auk þess hafi yfir höfuð við bygging landssjóðsjarða verið fylgt reglum þeim, er settar eru í brjefi innanríkisráðaneytisins frá 23. maí 1853. Briem amtmaður hefir aptur á móti einkum lagt áherzlu á reynzlu annara landa, þar er erfðafesta hefir verið í lög leidd á líkan hátt og farið er fram á af alþingi, svo sem er um Noreg og Þýzka-land. Í Noregi hafi menn þannig fundið þörf á því, að losna við ákvæði laga 20. ágúst 1821, sjá norsk lög 5. ágúst 1848 og 24. septbr. 1851, og sama er um Þýzka-land að segja, að lögum um þetta efni frá 27. júní 1890 hefir verið breytt með lögum frá 7. júní 1891. Sami amtmaður hefir enn látið þess getið, að nefnd sú, er hið enska þjóðþing hafi sett 1888 til að íhuga, hver vegur væri heppilegastur til að útvega fátækum mönnum jarðnaði, hafi komizt að þeirri niðurstöðu að eign væri heppilegri en leiga, og ráðið til þess að jarðnaði þessi væri útveguð til kaups með þeim skilmálum, að andvirði jarðanna skyldi greitt þegar að  $\frac{1}{5}$  hluta,  $\frac{11}{20}$  hlutir þess skyldu afborgast á 50 árum, en  $\frac{1}{4}$  standa sem óuppsegjanleg föst innstæða gegn tryggingu í jarðnaðunum. Í samræmi við þessar tillögur voru svo gefin út árið 1892 lög þau, er nefnd eru »Small Holding Act«. Til líkrar niðurstöðu hefir hin danska landbúnaðarnefnd komizt, er skipuð var 1894 til þess að íhuga og segja álit sitt um útvegum jarðnaðis handa verkamönnum til sveita, sbr. álit nefndar þessarar, útkomið 1896.

Að því er snertir þá aðfundning umgetinnar þingnefndar að lögum um þjóðjarðasölu, að það sje engiu trygging fyrir því, að andvirði hinna seldu jarða haldist við sem föst arðberandi innstæða landsjóðs, þá er mjög auðvelt að skipa þannig fyrir um meðferð þess fjár, er borgað er landsjóði fyrir seldar jarðir, að því sje bæði borgnara og að það gefi af sjer meiri arð, — t. d. með því, að kaupa fyrir það kgl. skuldabryf eða lána það gegn fasteignarveði (á venjulegan hátt), — heldur en að lána, ef svo mætti að orði komast, allt söluverðið gegn veði, er eigi væri meira virði en lánið, og þar sem á hinn bóginn varla mætti hafa lægri en hin núverandi umboðslaun þóknun fyrir innheimtu á væntanlegu erfðafestugjaldi og fyrir umsjón um jarðir þær, er seldar yrðu á erfðafestu, ef umsjón þessi ætti að vera að nokkru gagni. Að því leyti er hitt atriðið snertir, að erfðafestumaður og niðjar hans ættu að hafa meiri tryggingu fyrir því, að fá að halda ábúð á jörðinni, heldur en eigendur og niðjar hans, þá verður því eigi neitað, að það ákvæði mætti setja með lögum, að erfðafestumann mætti eigi svipta erfðafestu, og að erfðafestu skuli njóta niðjar hans eptir ákveðnum reglum, en jeg hygg, að það mundi koma í ljós, að slík ákvæði væru eigi hentug eptir því, sem hjer til hagar, og auk þess opt ranglát gagnvart skuldheimtumönnum, og öðrum erfingjum en þeim, er fengi erfðafestujörðina.

Um leið og jeg læt þess getið, að jeg er samdóma áliti amtmannanna um mál þetta, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að skjóta því til úrlita hins háa ráðaneytis.